

Minnisblað

Dagsetning: 27. mars 2020

Efni: Breyting á deiliskipulagi Rangárvalla vegna Hólasandslínu 3 – umsögn um athugasemdir

Málsnúmer: 2019120078

Höfundur: Pétur Ingi Haraldsson

Ritað fyrir: Skipulagsráð

Aðili	Athugasemd/umsögn	Viðbrögð við athugasemd/umsögn
Tryggvi Tryggvason	<p>1. Óskað eftir að ekki verði byggt hærra en nauðsynlegt er þar sem lóðin stendur hátt og áberandi yfir íbúðarbyggð Giljahverfis. Helst að fara ekki hærra en 9 m eins og mesta leyfilega hæð er í dag skv. skipulaginu.</p> <p>2. Æskilegt væri að í skilmálum væru ákvæði um frágang t.d. gróðurbelti.</p>	<p>1. Að mati skipulagsráðs er ekki talið að bygging 15 m húss á þessari lóð muni hafa veruleg neikvæð áhrif á útsýni úr Giljahverfi. Um er að ræða mikilvæga starfsemi sem nauðsynlegt er fá nægt rými.</p> <p>2. Ekki er talin þörf á frekari ákvæðum í deiliskipulaginu varðandi gróðurbelti og annan frágang.</p>
Vegagerðin	<p>1. Bent á að samkvæmt Vegalögum þarf að sækja um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis þjóðvega</p>	<p>1. Haft verður samráð við Vegagerðina og sótt um tilheyrandi leyfi þegar farið verður í framkvæmdir í og við veghelgunarsvæði.</p>